

ESENER 2019

Hvað segir það okkur um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum í Evrópu?

INNÍHALD

1 SÍÐU 5

Hvert er áhyggjuefni evrópskra vinnustaða?

11 Stöðkerfis-
vandamál

13 Sálfélagsleg
áhætta

2 SÍÐU 23

Stafræn þróun –
aðsteðjandi
vinnuverndarvandamál

3 SÍÐU 31

Hver veit mest um
öryggi og heilbrigði á
vinnustöðum í Evrópu?

4 SÍÐU 39

Hvers vegna stýra
vinnustaðir í
Evrópu öryggis- og
heilbrigðismálum?
Hvers vegna gera
þeir það ekki?

5 SÍÐU 47

Hver eru vandamálín við
stjórnun á öryggis- og
heilbrigðismálum?

6 SÍÐU 53


Hvað um starfsfólkið?





Hvert er
áhyggjuefni
evrópskra
vinnustaða?

Algengustu áhættupættir (hlutfall vinnustaða) sem greindust árin 2014 og 2019



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Áhætta af völdum
stoðkerfissjúkdóma

2014

Sálfélagsleg áhætta


2019

	2014 %	2019 %
Slysaáætta við vélar eða handverkfæri	48	48
Tímapressa	43	45
Slysaáætta við farartæki meðan á vinnu stendur	46	44
Hiti, kuldi eða dragsúgur	36	37
Kemisk eða líffræðileg efni	36	36
Aukin áhætta á að renna til, hrasa eða detta	34	34
Þreytandi eða sársaukafullar stöður	-	31
Mikill hávaði	30	30
Langur eða óreglulegur vinnutími	21	21
Léleg samskipti eða samvinna innan fyrirtækisins	16	18

Vinnustaðir í Evrópu hafa mestar áhyggjur af stoðkerfis- vandamálum og sálfélagslegri áhættu

- Evrópskir vinnustaðir hafa mestar áhyggjur af stoðkerfisvandamálum og sálfélagslegri áhættu.
- Þrír af fjórum algengustu áhættuþáttunum, sem greindust, er áhætta á stoðkerfisvandamálum þessir þættir greindust oft hjá flestum atvinnugreinum.
- „Langvarandi seta“ er nýtt atriði í Fyrirtækjakönnun Evrópu um nýjar og aðsteðjandi hættur (ESENER) 2019 (féll áður undir „þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í langan tíma“). Það er næstalgengasti áhættuþátturinn sem gefur til kynna að vitund fari vaxandi um að seta sé áhættuþáttur fyrir heilbrigði. Eftir atvinnugreinum voru það vinnustaðir á sviði fjármála og trygginga (93 %, sem gáfu hann upp í ESB27_2020) og upplýsinga og samskipta (92 %) og opinberrar stjórnsýslu (91 %).
- Sálfélagslegir áhættuþættir eru oftast gefnir upp í þjónustugreinum og því er þriðja algengasta áhyggjuefnið í heild að „þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, nemendur, sjúklinga“ sérstaklega mikilvægt. Sundurliðunin eftir löndum gefur áhugaverðar upplýsingar: „tímapressa“ er algengasti áhættuþátturinn í Finnlandi, Svíþjóð (74 % í báðum) og Danmörku (73 %) og í öðru sæti í Hollandi (64 %). Þörf er á frekari greiningu til að sýna hvort þessar miklu áhyggjur séu af völdum tíðni áhættunnar eða vitundarstigsins á vinnustöðum í þessum löndum.
- Stærri vinnustaðir greina oftar frá tilvist allra áhættuþátta en minni.

Vinnustaðir sem tilkynntu um enga áhættu, eftir stærð (fjöldi starfsfólks), 2019




Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2019.

Tilkynning um enga áhættu gefur líklegu til kynna skort á vitund frekar en öruggan og heilbrigðan vinnustað

- Því smærri sem vinnustaðirnir eru því líklegra eru þeir til að gefa upp enga áhættupætti, einkum sálfélagslega áhættupætti. Það þýðir ekki að áhættupættirnir séu ekki til staðar heldur endurspeglar slíkt skynjun svarandans og líklegt er að hann/hún sé í mörgum tilvikum einfaldlega ekki meðvitaður/meðvituð um hvað skapi áhættu fyrir öryggi og heilbrigði starfsfólks. Vandamálið er sérstaklega mikið áhyggjuefni meðal smæstu vinnustaðanna.
- Hins vegar og í samræmi við niðurstöðurnar um „tímapressu“, sem nefndar voru að ofan, eru vinnustaðir í Danmörku (9 %), Svíþjóð (10 %) og Finnlandi (12 %) síður líklegri til að gefa upp enga sálfélagslega áhættupætti. Það getur aftur verið vegna aukinnar áhættutíðni eða aukinnar vitundar um sálfélagslega áhættupætti á Norðurlöndunum.
- Framleiðsla (39 %) og landbúnaður (37 %) eru atvinnugeirarnir með hæst hlutfall vinnustaða sem gáfu ekki upp neina sálfélagslega áhættupætti
- Eftir löndum er hlutfall vinnustaða, sem gefa upp enga sálfélagslega áhættupætti, hæst á Ítalíu (50 %), Slóvakíu (44 %), Litháen (37 %) og Búlgaríu (36 %).

Vinnustaðir, sem gáfu upp ráðstafanir til að koma í veg fyrir stoðkerfissjúkdóma, 2014 og 2019



(a) Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

(b) Meðal vinnustaða sem gáfu upp að þar væri fólki eða þungri byrði lyft eða færð úr stað.


Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Örlítil minnkun
hefur orðið á
hlutfalli vinnu-
staða sem gáfu
upp að gripið hefði
verið til ráðstafana
gegn stoðkerfis-
vandamálum


Vinnutengd stoðkerfisvandamál – hvaða ráðstafanir eru fyrir hendi?

- Þegar hið háa hlutfall vinnustaða í Evrópu, sem gáfu upp að stoðkerfisvandamál hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna, er haft í huga er rökrétt að skoða hvaða ráðstafanir séu til staðar til að koma í veg fyrir þá.
- Þegar niðurstöður ESENER 2019 eru bornar saman við fyrri könnun frá 2014 er það fyrsta sem slær mann að örlítil minnkun hefur orðið á hlutfalli vinnustaða sem gáfu upp að gripið hefði verið til slíkra ráðstafana.
- Nýjar fyrirbyggjandi ráðstafanir var að finna í ESENER 2019, þ.e. möguleiki fólks með heilsufarsvandamál að draga úr vinnutíma en 54 % vinnustaða í könnunni gáfu slíkt upp í ESB27_2020. Þó að hin fjögur atriðin beini sjónum sínum að stoðkerfisvandamálum er þetta nýja atriði viðfeðmari forvörn sem ásamt hinum veitir skýrari vísbendingar um til hversu margra forvarnarráðstafana hefur verið gripið til að stuðla að sjálfbærri starfsævi.
- Myndin eftir greinum er mjög fjölbreytt. Heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta og önnur þjónustustarfsemi er hátt á blaði þegar kemur að möguleikum fólks með heilsufarsvandamál til að draga úr vinnutíma sínum. Byggingarframkvæmdir eru ein af þeim atvinnugreinunum sem líklegust er til að sjá starfsmönnum fyrir búnaði til að hjálpa þeim við að lyfta, færa til eða snúa hlutum til að draga úr endurteknum hreyfingum.

Vinnustaðir, sem gáfu upp að erfitt væri að stjórna sálfélagslegri áhættu, eftir löndum, 2019



Erfiðara



EU27_2020 22 %

Ath.: Gögnin eru fyrir vinnustaði í öllum 33 löndunum, sem gáfu upp tilvist að minnsta kosti eins sálfélagslegs áhættupáttar, frá ESENER 2019.

Powered by Bing, © GeoNames, HERE, MSFT

Löndin, sem gefa
upp að erfiðara
sé að stjórna
slíkum áhættu-
gerðum, eru þau
lönd sem leggja
mest upp úr því
að taka á þeim

Streita og sálfélagslega áhætta?

Hvað heldur aftur af hlutunum?


- Gögnin benda til þess að enn sé ekki nægjanlega mikil vitund um sálfélagslega áhættupætti. Til að skoða vandamálið nánar bað ESENER 2019 þá vinnustaði, sem gáfu upp að sálfélagslegir áhættupættir væru til staðar, að svara því hvort þeir teldu að erfiðara væri að stjórna þeim en öðrum áhættupáttum á sviði vinnuverndar.
- Löndin, sem gefa upp að erfiðara sé að stjórna slíkum áhættugerðum, eru þau lönd sem leggja mest upp úr því að taka á þeim. Í sömu löndum eiga svarendur það til að gefa upp hærra hlutfall sálfélagslegra áhættupátta og ráðstafana og verklags til að taka á þeim. Hvað varðar stærð fyrirtækja að þá vex hlutfall svarenda, sem telja erfiðara að stjórna sálfélagslegri áhættu en annarri vinnuverndaráhættu, eftir stærð fyrirtækja.



Niðurstöðurnar benda til
þess að enn sé ekki
nægjanlega mikil vitund
um sálfélagslega
áhættuþætti

- Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum sýna niðurstöðurnar að vinnustaðir í heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntageiranum að þeir vinnustaðir, sem líklegra er að gefi upp að vera með vinnuferla til að koma í veg fyrir sálfélagslega áhættu, séu þeir sömu og telji erfiðara að stjórna þeim. Í samanburði líta vinnustaðir á sviði námuvinnslu og efnistöku og gisti- og veitingaþjónustu ekki á sálfélagslega áhættu sem sérstaklega erfiða í stjórnun og gefa sjaldan upp að þeir séu með ráðstafanir til að koma í veg fyrir hana.
- Ekki er hægt að draga neinar traustar ályktanir um orsakaáhrif af atvinnugeirakönnun eins og ESENER en niðurstöðurnar benda til þess að þeir, sem reyna að stjórna sálfélagslegri áhættu með virkum hætti, séu þeir sem telja að hún sé erfiðari.

Vinnustaðir, sem gáfu upp þætti sem flækja stjórnun á sálfélagslegri áhættu, eftir stærð (fjölda starfsfólks)




Ath.: Gögnin eru fyrir vinnustaði í ESB27_2020 sem gáfu upp tilvist að minnsta kosti eins sálfélagslegs áhættuþáttar og telja erfiðara að takast á við þá en aðra áhættu, frá ESENER 2019.

Tregða til að tala
opinskátt um
viðfangsefnið er
ótvírætt mesta
vandamálið við að
taka á sálfélagsl-
egri áhættu

- Tregða til að tala opinskátt um vandamálið er greinilega það erfiðasta við að taka á sálfélagslegri áhættu.
- Landsniðurstöðurnar innihalda aftur nokkrar undantekningar en helstu erfiðleikarnir, sem gefnir voru upp í Búlgaríu, Króatíu, Portúgal og Rúmeníu, voru skortur á vitund meðal starfsfólks á meðan á Kýpur og í Grikklandi var talað um skort á sérfræðiaðstoð.
- Sé litið til mismunandi greina var tregða til að tala opinskátt um málið sjaldnast nefnd af vinnustöðum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu þó það sé samt eitt helsta vandkvæðið.

Hlutfall vinnustaða, sem gáfu upp að þeir byggju yfir verklagi til að koma í veg fyrir sálfélagslega áhættu, eftir atvinnugreinum, 2019




Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020 með 20 eða fleiri manns í vinnu, frá ESENER 2019. Aðeins þeir vinnustaðir sem gáfu upp að „þurfa að eiga við erfiða viðskiptavin, sjúklinga, nemendur, o.s.frv.“ væri áhættuþáttur voru spurðir hvort þeir hefðu komið sér upp verklag til að koma í veg fyrir ofbeldi.

Heilbrigðis-,
félagsþjónustu- og
menntageirarnir
takast á við sálfs-
élagslega áhættu á
fyrirbyggjandi hátt.

Til hvaða skrefa hefur verið gripið?

- ESENER 2019 spurði vinnustaði með 20 eða fleiri í vinnu hvort þeir væru með aðgerðaráætlanir eða verkferla til að taka á sálfélagslegri áhættu. Algengasta verklagið, sem gefið var upp, beindist að ofbeldi, en slíkt verklag var til staðar hjá 51 % vinnustaða sem gáfu upp „að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv.“ væri áhættuþáttur.
- Auðvitað eru niðurstöður könnunarinnar mismunandi eftir greinum en vinnustaðir í heilbrigðis- félagsþjónustu- og menntagreinunum standa upp úr þegar kemur að verklagi til að taka á sálfélagslegri áhættu á fyrirbyggjandi hátt.
- Ef niðurstöðurnar eru sundurliðaðar eftir löndum gáfu vinnustaðir á Írlandi og á Norðurlöndunum oftast upp að slíkt verklag væri til staðar.

Vinnustaðir, sem gáfu upp ráðstafanir til að koma í veg fyrir sálfélagslega áhættu, eftir stærð (fjölda starfsfólks), 2019



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2019.

Aðeins 29 %
vinnustaða gáfu
upp að þeir myn-
du grípa inn í svo
starfsmenn ynnu
ekki mjög langa
vinnudaga


- Algengast var að vinnustæðir gæfu upp að starfsmönnum væri gefið aukið vald yfir störfum sínum – en það er nýtt atriði í ESENER 2019 – til að koma í veg fyrir sálfélagslega áhættu, sérstaklega hjá ör- og smáfyrirtækjum. Það er áhugavert að þessi er sú eina af öllum aðgerðunum þar sem hlutfall vinnustaða, sem beita henni, lækkar eftir stærð vinnustaða.
- Þegar sundurliðað er eftir löndum er hlutfall vinnustaða, sem gáfu upp slíkar aðgerðir, hæst í Finnlandi (91 %), Möltu (85 %) og Svíþjóð (82 %) og lægst á Ítalíu (49 %), Tékklandi (54 %) og Slóvakíu (56 %).
- Í öllum stærðarflokkum var sjaldnast gefið upp að gert væri ráð fyrir inngripum við mjög langa vinnudaga eða óreglulegan vinnutíma (29 % vinnustaða) til að koma í veg fyrir sálfélagslega áhættu. Lægst hlutfall vinnustaða, sem gáfu upp slík inngrip, var í Slóvakíu (10 %), Póllandi (12 %), Slóveníu og Búlgaríu (14 %) en hæst var það í Þýskalandi (47 %) og Írlandi (45 %).
- Ef þetta er skoðað eftir greinum voru vinnustaðir á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu líklegastir til að búa við slíkar ráðstafanir öfugt við vinnustaði á sviði rafmagns-, gas-, gufu- og loftkælingarveitna og landbúnaðar, skógræktar og fiskveiða.





Stafræn þróun – aðsteðjandi vinnuverndarvandamál

Vinnustaðir sem nota stafræna tækni, 2019



Einkatölvur á föstum starfsstöðvum



Fartölvur, spjaldtölvur, snjallsímar eða önnur fartölvutæki



Vélar, kerfi eða tölvur sem ákvarða innihald eða hraða vinnu



Vélar, kerfi eða tölvur sem vakta frammistöðu starfsmanna



Íklæðitæki eins og snjallúr, gagnagleraugu eða aðrir (innfelldir) skynjarar




Þjarkar sem eiga í samskiptum við starfsmenn

Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2019.

Aðeins 6 %
vinnustaða gáfu
upp að þeir notuðu
enga af þeirri
stafrænu tækni
sem tilgreind var á
spurningalistanum.

- ESENER 2019 innihélt nýjan hluta um áhrif stafrænnar þróunar á öruggi og heilbrigði starfsfólks. Eins og búast mátti við er munurinn mikill þegar kemur að þeim stafrænu tæknilausnum sem svarendur gáfu upp. Alengt var að fyrirtæki í öllum starfsgreinum og af öllum stærðum gæfu upp einkatölvur á föstum starfsstöðvum og fartölvur, spjaldtölvur, snjallsíma eða önnur farsímataeki.
- Stærri vinnustaðir nefndu frekar notkun á annarri (þróaðri tækni).
- Aðeins 6 % vinnustaða í ESB27_2020 í könnuninni gáfu upp að þau notuðu enga af þeirri stafrænu tækni sem fjallað var um á spurningalistanum.
- Fara einhverjar umræður fram um hugsanleg áhrif slíkrar tækni á öryggi og heilbrigði starfsfólks? Færri en einn af hverjum fjórum vinnustöðum (24 %) gáfu upp slíkar umræður en hæsta hlutfallið var í Ungverjalandi (58 %) og Rúmeníu (42 %). Þegar litið er til atvinnugreina voru algengustu vinnustaðirnir, sem gáfu upp slíkar umræður, á sviði upplýsinga og samskipta (31 %) og fjármála og trygginga (31 %).

Vinnustaðir sem gáfu upp umræður eftir tæknilausnum, 2019



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020 sem gáfu upp að þeir notuðu að minnsta kosti eina gerð af stafrænni tækni, úr ESENER 2019.


Aukið vinnuálag eða tímapressa var einkum nefnd af svarendum sem gáfu upp að vélar, kerfi eða tölvur væru notaðar til vöktunar á frammistöðu starfsfólks

Umræður um hugsanleg áhrif stafrænnar tækni á vinnuvernd

- Vinnustaðir, sem sögðu frá notkun íklæðitækja (e. Werables) (51 %) og véla, kerfa eða tölva til að vakta frammistöðu starfsfólks, voru þeir sem greindu oftast frá umræðum um hugsanleg vinnuverndaráhrif.
- En hver eru þessi hugsanlegu áhrif? Síþjálfunarpörf til að halda við færni var í fyrsta sæti. 77 % vinnustaða í ESB27_2020, sem tóku þátt í könnuninni, gáfu hana upp og er hún því það algengasta sem allar greindar nefndu og vex hún eftir stærð fyrirtækja. Næstmestu áhrifin eru langvarandi seta (65 %) og aukinn sveigjanleiki fyrir starfsmenn hvað varðar vinnustað og vinnutíma (63 %).

Algengustu áhrif á öryggi og heilbrigði, sem rætt var um, eftir tækni, 2019

Tegund áhrifa



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020 sem gáfu upp (1) að nota að minnsta kosti eina gerð af stafrænni tækni og (2) ræða um áhrif hennar á öryggi og heilbrigði starfsfólks sinn, úr ESENER 2019.

85% þeirra vinnustaða,
sem nota þjarka, gáfu
upp síþjálfunarpörf
vegna áhrifa af notkun
þeirra á vinnuvernd

- Langvarandi seta, nauðsyn þess að halda við færni og upplýsingayfirálág voru gefin upp tiltölulega oft í tengslum við allar tæknilausnir á meðan aukið vinnuálag eða tímapressa var einkum nefnd af svarendum sem gáfu upp að vélar, kerfi eða tölvur væru notaðar til vöktunar á frammistöðu starfsfólks






Hver veit
mest um öryggi
og heilbrigði á
vinnustöðum í Evrópu?

Hver hefur mesta þekkingu á vinnuvernd eftir stærð vinnustaða (fjöldi starfsfólks)

Fjöldi starfsfólks




Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2019.


Á smæstu vinnu- stöðunum er það yfirleitt eigandinn, framkvæmdastjórinn eða stöðvarstjórinn sem sinnir vinnuver- ndarmálum

- Við skoðun á vinnuverndarstjórnun er mikilvægt að komast að því „hver það er sem hefur mesta þekkingu á vinnuvernd á vinnustaðnum“. Það er sá aðili sem tekinn var tali fyrir ESENER en niðurstöðurnar sýna skýran (og rökréttan) mun eftir stærð vinnustaða.
- Á smæstu vinnustöðunum er það yfirleitt eigandinn, framkvæmdastjórinn eða stöðvarstjórinn sem sinnir vinnuverndarmálum – ásamt flestum öðrum þáttum rekstrarins. Eftir því sem vinnustaðirnir stækka er tilhneigingin sú að vinnuvernd er færð á hendur aðila í sérhæfðara hlutverki eins og öryggis- og heilbrigðisfulltrúa, eins og búast má við.
- „Fulltrúar starfsfólks sem bera ábyrgð á vinnuvernd“ er lítill en mjög áhugaverður hópur sem segir okkur frá þátttöku starfsmanna í vinnuvernd og þá einkum hvernig þeir eru tilnefndir (sjá bls. 60 til að fá frekari upplýsingar um heilbrigðis- og öryggisfulltrúa).
- Það er athyglisvert að nánast einn af hverjum fimm svarendum – í öllum stærðarflokkunum fjórum – gaf upp starfslýsinguna „annar starfsmaður með ábyrgð á vinnuverndarmálum“. Þetta er mikilvægt, ekki einungis vegna hins háa hlutfalls heldur einnig vegna þess að það segir eitt og annað um forvarnarmenninguna á þessum vinnustöðum þar sem enginn tilnefndur vinnuverndarsérfræðingur er til staðar til að svara könnuninni (og líklega taka á vinnuverndarmálum dags daglega). Það er vert að leggja áherslu á að þetta gerðist líka hjá stærstu vinnustöðunum.

Vinnustaðir, sem framkvæma áhættumat reglulega eftir löndum 2014 og 2019 (breyting í prósentum)



Breyting



EU27_2020 1 %

Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í öllum löndunum 33, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Powered by Bing, © GeoNames, HERE, MSFT

Öll fyrirtæki ættu
að vera í stakk búin
til að framkvæma
almennt áhættu-
mat einungis með
starfsmönnum
sínun

Eru vinnustaðir að framkvæma áhættumat?


- Ef upplýsingar um áhættuþættina eru hafðar í huga er mikilvægt að greina að hvaða marki vinnustaðir framkvæma áhættumat því það er kjarninn í vinnuverndarstefnu Evrópu, eins og sjá má í [rammatilskipuninni um vinnuvernd](#) (tilskipun 89/391/EEB).
- Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöðurnar frá 2014 en þrír fjórðu hlutar (75 %) vinnustaða í ESB27_2020, sem teknir voru tali fyrir ESENER 2019, gáfu upp að þeir framkvæmdu áhættumat reglulega. Eins og við má búast er jákvæð fylgni við stærð fyrirtækja.



Niðurstöður ESENER
um áhættumat gefa
vísbendingar um
fyrirbyggjandi menningu
á evrópskum vinnustöðum
þó að gæði þess séu
ekki gefin upp

- Eins og áður er markverður munur þegar kemur að hlutfalli vinnustaða þar sem áhættumat er aðallega framkvæmt af eigin starfsfólki. Landaröðin breytist verulega en á toppinum trónir Svíþjóð (85 % vinnustaða upp frá 66 % árið 2014) og Danmörk (80 % upp frá 76 %). Hins vegar er lægsta hlutfallið að finna í Slóveníu (10 %), á Spáni (10 %) og Ungverjalandi (14 %).
- Það segir ekkert um gæði áhættumatsins, í sumum löndum getur verið að lagaskylda sé til staðar um að láta utanaðkomandi vinnuverndarsérfræðinga sjá um slíkt mat. Almennt og að því gefnu að þeir sem bera ábyrgð á vinnunni séu í bestri stöðu til að stjórna áhættunni, ættu öll fyrirtæki að vera í stakk búin að til framkvæma almennt áhættumat með starfsmönnum sínum einum.





4

Af hverju stjórna


vinnustaðir í

Evrópu öryggis- og

heilbrigðismálum? Af

hverju gera þeir það ekki?

Ástæður, sem vinnustaðir gáfu upp, fyrir því að taka á öryggis- og heilbrigðismálum, 2014 og 2019




Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Nánast 9 af hverjum
10 vinnustöðum í
ESB gáfu upp la-
gaskyldu sem helsta
hvatann fyrir stjórn-
un heilbrigðis- og
öryggismála


Af hverju stjórna vinnustaðir í Evrópu öryggis- og heilbrigðismálum?

- Ef við snúum okkur að ástæðum, sem stuðla að því að vinnustaðir stjórni vinnuverndarmálum, þá var lagaskylda gefin upp sem mikilvæg ástæða af nánast 9 af hverjum 10 vinnustöðum í ESB27_2020, en það er örlítil hækkun frá 85 % árið 2014. Jákvæð fylgni er við stærð vinnustaða en þegar sundurliðað er eftir löndum er hlutfallið allt frá 70 % vinnustaða í Danmörku yfir í 97 % í Portúgal.
- Næstmikilvægasti hvatin til þess að huga að vinnuvernd er að „uppfylla væntingar starfsfólks og fulltrúa þeirra“. Það er mjög í samræmi við niðurstöður ESENER 2019 sem sýndu að 80 % vinnustaða, sem framkvæma reglulegt áhættumat, gáfu upp að starfsmenn þeirra tækju þátt í hönnun og framkvæmd ráðstafana í kjölfar áhættumats.
- Þó að „forðast sektir og viðurlög frá vinnueftirlitinu“ virðist vera mikilvægur hvati fyrir stjórnun vinnuverndarmála er áhugavert að túlka þessa niðurstöðu í samhengi við vinnustaði sem gáfu upp að hafa fengið heimsókn frá vinnueftirlitinu, eins og sýnt er á bls. 42.

Breytingar á vinnustaðaheimsóknum 2014 -2019 (hlutfall breytinga)



Breyting



EU27_2020 -8%


Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í öllum löndunum 33, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Powered by Bing, © GeoNames, HERE, MSFT

Á árunum 2014 til 2019 fækkaði hlutfalli fyrirtækja, sem höfðu fengið vinnueftirlit í heimsókn síðastliðin 3 ár, í nánast öllum löndum

- Þó að mikilvægur hvati fyrir stjórnun vinnuverndarmála sé að forðast sektir frá vinnueftirliti hefur hlutfall vinnustaða, sem skýra frá því að hafa fengið heimsókn frá vinnueftirliti síðastliðin 3 ár fyrir könnunina, farið lækkandi frá 2014: 41 % árið 2019 en það er lækkun frá 49 % árið 2014.
- Staðreyndin er sú að fimm lönd tilkynntu um hækkun: Írland, Grikkland, Eistland, Lúxemborg og Malta. Fækkunin var mest í Belgíu og Danmörku. Fækkun heimsókna er augljós í öllum stærðarflokkum fyrirtækja og atvinnugreinum.
- Vinnustaðir á sviði efnistöku og námugraftar eru líklegastir til að hafa skýrt frá heimsókn frá vinnueftirliti (67 %) samanborið við fag-, vísinda- og tæknistarfsemi (21 %) og fjármála- og tryggingastarfsemi (22 %).

Uppgefnar ástæður vinnustaða fyrir því að þeir framkvæmi ekki reglulegt áhættumat, 2014 og 2019



Ath.: Gögnin eru fyrir vinnustaði í ESB27_2020 sem framkvæma áhættumat ekki reglulega, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Fyrirtæki í minnstu
stærðarflokkunum
segja sjaldnar að
áhættumötin séu
íþyngjandi en stærri
fyrirtæki

Engin þörf á áhættumati? Af hverju ekki?


- Ef litið er á þá vinnustaði, sem ekki framkvæma áhættumat með reglulegum hætti, að þá var helsta ástæðan, sem þeir gáfu fyrir því, að áhættur og hættur séu þegar þekktar (83 % vinnustaða) og að engin stórvægileg vandamál séu til staðar (80 %).
- Þessar niðurstöður eiga við 23 % vinnustaða í könnuninni og þær vekja upp spurninguna hvort þessir vinnustaðir, sér í lagi þeir minnstu, eigi í raun við færri vandamál að etja eða hvort þeir geri sér einfaldlega síður grein fyrir áhættunum á vinnustaðnum. Það er mjög í samræmi við vandamál í tengslum við vitund (eða skort á henni) um áhættuþætti sem fjallað var um að ofan.
- Það vekur athygli að minni vinnustaðir segja sjaldnar að ferlið sé íþyngjandi en stærri fyrirtæki.
- Niðurstöðurnar eru almennt svipaðar á milli atvinnugreina þó að vinnustaðir á sviði menntunar, opinberrar stjórnsýslu og varnarmála, lögbundinna almannatrygginga og lista, afþreyingar og tómstunda hafi oftár skýrt frá því að þá skorti nauðsynlega sérfræðipækkingu (nánast 50 % vinnustaða í öllum þessum þremur greinum).





Hvaða erfiðleikar
eru við stjórnun
öryggis- og
heilbrigðismála?

Vinnustaðir, sem gáfu upp veruleg vandamál við að taka á öryggis- og heilbrigðismálum, 2014 og 2019




Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Yfir þriðjungur vinnustaða gaf upp skort á tíma eða starfsfólki sem hindrun fyrir vinnuverndarstjórnun og endurspeglar það vaxandi þróun


Af hverju er erfitt að stjórna öryggis- og heilbrigðismálum?

- Enn gefa 41 % vinnustaða í ESB27_2020 upp að eitt helsta vandamálið fyrir því að taka á vinnuverndarmálum séu flóknar lagaskyldur, en það er örlítill minnkun frá 42 % árið 2014. En það er sundurliðunin eftir löndum, enn og aftur, sem veitir sérstaklega dýrmætar upplýsingar fyrir greininguna.
- Enginn verulegur munur var á milli atvinnugreina.
- 33 % og fer í annað sæti yfir algengustu þættina sem gefnir eru upp. Það á einkum við vinnustaði í Hollandi (39 %) og Lúxemborg (36 %).
- Hlutfall vinnustaða, sem gáfu upp marga hindrunar, dróst aðeins saman. Á sama tíma hækkaði „skortur á tíma eða starfsfólki“ úr 27 % í

Vinnustaðir, sem gáfu upp að flóknar lagareglur yllu þeim verulegum vandkvæðum við að taka á öryggis- og heilbrigðismálum, eftir löndum, 2014-2019 (breytingar í prósentum)



Munur



EU27_2020

-2 %

Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í öllum löndunum 33, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Powered by Bing, © GeoNames, HERE, MSFT

Á Ítalíu hefur orðið veruleg minnkun á þeirri skoðun að flóknar lagareglur flæki stjórnun vinnuverndarmála

- Niðurstöður eftir löndum draga upp misjafna mynd af því hvaða skilningur er lagður í flækjustig lagaskyldna. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir sameiginlegan lagaramma í Evrópusambandinu, eins og kveðið er á um í [rammatilskipuninni um vinnuvernd \(tilskipun 89/391/EEC\)](#).
- Þó að yfir helmingur vinnustaða í Belgíu og Frakklandi telji að lagaskyldur valdi verulegum erfiðleikum við að taka á öryggis- og heilbrigðismálum, er hlutfallið töluvert lægra í Lettlandi, Litháen og Finnlandi.
- Það er athyglisvert að sjá verulega minnkun á Ítalíu (minnkun frá 67 % vinnustaða árið 2014 í 43 % árið 2019) sem hjálpar til við túlkun á þessari vísbendingu. Það getur verið að í stað þess að mæla flækjustig lagaskyldna eitt og sér dragi spurningin fram breytingar og uppfærslur á

löggjöf, breytingar sem svarendur telji hugsanlega vandkvæðum bundnar, þegar kemur að aðlögun að nýjum kröfum. Í tilfelli Ítalíu er líklegt að niðurstöðurnar frá 2014 litist af innleiðingu verulegra breytinga á ítalskri löggjöf sem tóku gildi 2011.

- Hins vegar hefur veruleg aukning orðið í Svíþjóð sem hugsanlega má skýra með ákvæðum um skipulag vinnuumhverfis og félagslegt umhverfi á vinnustöðum ([AFS 2015:4](#)) sem tóku gildi 31. mars 2016. En frekari greiningar er þörf til að finna orsökina fyrir aukningunni frá 2014.







6

Hvað um
starfsfólkið?

Vinnustaðir þar sem starfsfólk tekur þátt í aðgerðum gegn sálfélagslegri áhættu, eftir löndum 2014-2019 (breyting í prósentum)



Munur



EU27_2020 -1%


Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði, sem gáfu upp að hafa gert ráðstafanir gegn sálfélagslegri áhættu síðastliðin 3 ár fyrir könnunina, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Powered by Bing, © GeoNames, HERE, MSFT

Aðeins 61 % vinnustaða skýrði frá því að starfsmenn tækju þátt í að skipuleggja aðgerðir gegn sálfélagslegri áhættu

- Hvað varðar þátttöku starfsfólks og áherslu á vinnustaði, sem gáfu upp að hafa gripið til aðgerða gegn sálfélagslegri áhættu síðastliðin 3 ár fyrir könnunina, skýrði 61 % svarenda í ESB27_2020 frá því að starfsmenn hefðu hlutverki að gegna í skipulagi og innleiðingu slíkra aðgerða en það er örlítill lækkun frá 63 % árið 2014.
- Enn og aftur eru niðurstöðurnar mismunandi eftir löndum og jafnvel þó að aukning hafi orðið í fjölmörgum löndum frá 2014 hafa önnur séð töluverða lækkun síðastliðin 5 ár, eins og Litháen, Eistland, Pólland, og Kýpur.
- Vegna eðlis sálfélagslegrar áhættu ættu ráðstafanir á þessu sviði að innihalda beina þátttöku starfsfólks og umtalsverða þátttöku allra hlutaðeigandi á vinnustaðnum en niðurstöðurnar benda ekki til að það sé ekki alltaf svo.
- Þátttaka starfsfólks var minnst í efnistöku og námugreftri (37 %) samanborið við heilbrigðis- og félagsþjónustu (77 %).

Hlutfall vinnustaða, sem gáfu upp einhvers konar starfsmannafulltrúa, 2014 og 2019



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í ESB27_2020 og fer stærð vinnustaða eftir innlendum mörkum um slíkt fyrirvar, frá ESENER 2014 og ESENER 2019.

Langalgengasta
form á þátttöku
starfsfólks, sem
gefið var upp,
var tilnefning á
heilbrigðis- og
öryggisfulltrúa

- Heilbrigðis- og öryggisfulltrúi er greinilega algengasta form á starfsmannþátttöku en 57 % vinnustaða í ESB27_2020 skýrði frá slíku og er það örlítill hækkun frá 2014.
- Rafmagn, gas, gufa og loftkæling (71 %) menntun (67 %) og efnistaka og námugróftur (67 %) eru þær atvinnugreinar þar sem líklegast er að skýrt sé frá einhvers konar þátttöku starfsfólks.
- Eins og gera má ráð fyrir að þá fara niðurstöðurnar að stórum hluta eftir stærð vinnustaða.
- En eins og sýnt er að neðan er áhugavert að fá frekari upplýsingar um þessa heilbrigðis- og öryggisfulltrúa og einkum hvernig þeir eru tilnefndir.

Hlutfall vinnustaða með enga þátttöku starfsfólks, eftir löndum

LAND	%
Portúgal	68
Lettland	63
Pólland	61
Grikkland	60
Belgía	57
Frakkland	56
Slóvenía	52
Holland	51
Sviss	50
Ungverjaland	49
Kýpur	43
Norður-Makedónía	43

LAND	%
Spánn	42
Malta	36
EU27_2020	36
Tékkland	34
Serbía	34
Eistland	33
Króatía	33
Ísland	32
Lúxemborg	28
Austurríki	27
Þýskaland	26
Slóvakía	26


LAND	%
Finnland	25
Svíþjóð	23
Danmörk	22
Írland	22
Bretland	22
Ítalía	16
Noregur	14
Búlgaría	11
Litháen	11
Rúmenía	11

Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í öllum löndunum 33 en stærð vinnustaða fer eftir innlendum mörkum um fyrirsvar af þessu tagi, frá ESENER 2019.

Meira en þriðjungur vinnustaða í Evrópusambandinu gaf upp að starf- smenn tækju engan þátt í vinnuvernd


- Það er áhugavert að yfir þriðjungur vinnustaða í ESB27_2020 (36 %) höfðu enga slíka starfsmannapátttöku og var hlutfallið hæst í Portúgal (68 %), Lettlandi (63 %) og Póllandi (61 %).
- Eftir greinum var algengast að engin starfsmannapátttaka væri gefin upp á vinnustöðum á sviði fasteignaviðskipta (50 %), fag-, vísinda- og tæknistarfsemi (49 %) og gisti- og veitingaþjónustu (48 %) samanborið við menntun (19 %).

Hlutfall vinnustaða þar sem heilbrigðis- og öryggisfulltrúar eru kosnir af starfsmönnum, eftir löndum



Ath.: Gögnin eru fyrir alla vinnustaði í öllum löndunum 33 þar sem stærð vinnustaða fer eftir innlendum mörkum um þessa gerð fyrirvars, frá ESENER 2019.

Valdir af starfsmönnum



Á yfir helmingi vinnustaða í Evrópusambandinu er vinnuverndarful- ltrúi starfsfólks valinn af vinnuveitandanum

- Eins og minnst var á að ofan reyndi ESENER 2019 að fá fram frekari upplýsingar um öryggis- og heilbrigðisfulltrúa með því að spyrja vinnustaði um val þeirra. Niðurstöðurnar draga upp mjög fjölbreytta mynd eftir löndum og endurspegla mismunandi lagareglur landanna.
- Yfir helmingur (52 %) vinnustaða í ESB27_2002 gaf upp að vinnuveitandinn sæi um að velja heilbrigðis- og öryggisfulltrúa en hæsta hlutfallið var í Þýskalandi og Tékklandi (83 % vinnustaða).
- Um þriðjungur vinnustaða (38 %) í könnuninni gaf upp að heilbrigðis- og öryggisfulltrúar þeirra væru valdir af starfsmönnum og var hæsta hlutfallið í Finnlandi og á Ítalíu (80 %) og í Svíþjóð (75 %).
- Það er mikilvægt að hafa þessar niðurstöður í huga til að átta sig fyllilega á eðli heilbrigðis- og öryggisfulltrúa en mikill munur er á því eftir löndum; þeir eru ekki alltaf fulltrúar starfsfólks, samkvæmt orðanna hljóðan eða valdir af samstarfsmönnum þeirra.

Aðferðarfræði ESENER 2019 könnunarinnar

- Vettvangsvinna: vor og sumar 2019 á vinnustöðum með fimm eða fleiri starfsmenn bæði í einka- og opinbera geiranum og í öllum atvinnugreinum.
- 33 lönd: 27 aðildarríki Evrópusambandsins, Ísland, Norður-Makedónía, Noregur, Serbía, Sviss og Bretland.
- Könnunin var framkvæmd á 45 420 vinnustöðum – svarandinn var „aðilinn sem veit mest um heilbrigðis- og öryggismál í fyrirtækinu“.
- Úrtak könnunarinnar var stækkað í þremur löndum – á kostnað þarlendra stjórnvalda: Írlandi (+1 250), Noregi (+450) og Slóveníu (+300).
- Gögnum var aðallega safnað með símaviðtölum með aðstoð tölvu (CATI).

Viltu vita meira?

Skoðaðu grafíska framsetningu
á gögnum ESENER á:
<https://esener.eu>



Euroopan työterveys- ja turvallisuusvirasto
C/Santiago de Compostela 12
48003 Bilbao, SPAIN
Sähköposti: information@osha.europa.eu
<https://osha.europa.eu>

TE-RO-19-007-IS-N



Publications Office
of the European Union

ISBN 978-92-9479-537-3